

## Fær sköpun nægilegt rými í skólakerfinu

Í áraraðir hafa kennarara og fræðimenn sem tjáð sig hafa um kennslu sagt að sköpun væri nauðsynlegur hluti náms. Mig langar hér að fjalla um nám og þroska einstaklinga út frá sköpun. Að mínu mati er sköpun ekki nógu plássfrek í kennslustofunni eða námi almennt. Þó er sköpun ein af grunnþáttunum menntunnar á öllum skólastigum. En í nýrri menntastefnu eru skilgreindir sex grunnþættir í anda gildandi laga, reglugerða og alþjóðasamninga og mynda þeir kjarna menntastefnunnar. [https://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf-namskrar/Grunntattir\\_i\\_menntun\\_juli2010.pdf](https://www.menntamalaraduneyti.is/media/MRN-pdf-namskrar/Grunntattir_i_menntun_juli2010.pdf).

Nauðsynlegt er að efla og styrkja einstaklinga til þess að verða hæfir í jafnréttis- og lýðræðissamfélagi og þess vegna eru þessir grunnþætti menntunnar tilkomnir. Stefnuyfirlýsing Evrópuárs sköpunar og nýsköpunar setur sköpun mjög skýrt og skorinort á kortið: Sköpun er grunnþáttur mennskunnar. Hún þrífst í frjálsum, opnu og fjölbreytilegu samfélagi þar sem jafnrétti kynja og einstaklinga ríkir. Sköpun er kjarninn í listum og menningu, hönnun og nýsköpun, en allir eiga rétt á að nýta sér sköpunargáfu sína og það sem meira er; framtíð okkur veltur á því að sem flestir geti nýtt sér ímyndunarafl sitt og sköpunargáfu. En hvað er sköpun? Sköpun er ferli sem byggist á ímynunaraflinu og niðurstaðin er í senn frumleg og hefur gildi (Úr skýslu All Our Futures, Creativity Culture and Education 1999). <http://sirkenrobinson.com/pdf/allourfutures.pdf>

Það sem fellst í skapandi skólastarfi eða umhverfi er að nemandinn fái færi á að nýta sér sköpunarkraft sinn. Að hann fái að móta viðfangsefnið og miðla þeim, fái að búa til eitthvað nýtt, eitthvað annað en hann kann og hefur gert áður. Færni til að skapa hefur verið viðurkenndur sem nauðsynlegur hluti af almennri menntun. Í íslensku er þörf fyrir að nota mörg orð yfir sköpun til að ná yfir enska orðið „creativity“ orð eins og skapandi hugsun, skapandi vinna, sköpunargáfa og fleira eru notuð og fer það eftir samhenginu hvaða orð við notum.

[http://menntavisindastofnun.hi.is/rask/raska\\_rannsokn\\_um\\_skopun\\_i\\_skolastarfi](http://menntavisindastofnun.hi.is/rask/raska_rannsokn_um_skopun_i_skolastarfi)

Það er ekki orðum aukið að þegar ég byrjaði í kennslufræðinámi mínu hér um árið, kviknaði hjá mér áhugi sem síðar varð upphaf að frekari þekkingarleit. Hvatning og

stuðningur kennara á menntavísindasvið varð til þess að ég er hér enn. Áhugi minn kviknaði sérstaklega á að vita hvernig nám á sér stað og hvernig virkja má áhugahvöt nemenda. Þessi áhugi er meðal annars tilkominn vegna þess að ég sjálf hafði engan áhuga á skóla ef undanskilin eru 2 ár er ég var í barna- og unglingaskóla. Þar kenndi mér kennari sem var talinn „framúrstefnukennari“ vegna þess að hún nálgadist viðfangsefnið á annan hátt en aðrir kennarar. Það sem gerði tímanna skemmtilega og þess virði að mæta, var að hún lét okkur vinna sjálfstætt í hópum og kenndi okkur að nálgast viðfangsefnið á lýðræðislegan hátt og beyta sköpunarkrafti sem bjó í hópnum við úrlausn verkefna. Síðan var hópunum gert að útfæra hugmyndir sínar í leikrit, myndlist, sögur eða frásögn allt eftir því sem við átti. Hún kenndi landafræði og sögu og blandaði þessu stundum saman. Ég man t.d. eftir leikriti þar sem ég lék víking á leið til Íslands og við sigldum knerri og stoppuðum í Svíþjóð og Færeyjum og fléttuðum frásögn og fróðleik af þessum löndum í nútíð inn í siglingu þar sem markmiðið var að nema land á Íslandi. Margt af því sem ég lærði man ég enn. Hún leyfði t.d. þeim sem voru flinkir að teikna að segja söguna á langan maskínupappír og stundum var gangur á milli stofa undirlagður af allskyns dóti sem notaður var til að skapa og gera sögu og landafræði að lifandi efni og mjög áhugaverðu.

John Dewey [https://en.wikipedia.org/wiki/John\\_Dewey](https://en.wikipedia.org/wiki/John_Dewey) einn fremsti hugmyndafræðingur í uppeldi taldi lærdóm ekki einungis snúast um að taka á móti fræðslu heldur væri frekar reynslan af því að framkvæma sem leiddi til skilnings á viðfangsefninu. Það að læra og uppgötva af eigin athöfnum ætti að hans sögn að vera markmiðið. <http://www.visindavefur.is/svar.php?id=13681>  
<http://fum.is/wp-content/uploads/2013/01/Hvers-konar-reynsla> Þetta er í takt við það sem fyrrnefndur kennari lét okkur gera þarna í „den“. Það að lesa bara hráan texta í landafræði-og sögubókunum hefði ekki með sama hætti náð til mín sem nemenda og það að fá að leika og vinna söguna í gott leikrit með landafræði upplýsingum eins og um járnvinnslu í Svíþjóð o.fl. Ég tel að þessi kennsluáferð hafi verið í anda Dewey. Ég var að læra af eigin uppgötunum um efnið. Var að læra af hugmyndum, og tilraunum og þurfti að hafa fyrir að koma efninu til skila. Við vorum ekki að læra dauðar staðreyndir utan að sem eingan veginn hefðu vakið áhuga á efninu heldur lærðum við með því að gera og framkvæma á okkar hátt. Það sem tengir þetta við hugmyndafræði Dewey er að við vorum að læra af reynslunni en hann vísar í hana í bók sinni Hugsun og menntun (2000).

Annar skemmtilegur gaur er Guðmundur Finnbogason (1872-1944).

<http://www.visindavefur.is/svar.php?id=60353> Hann var snillingur að mínu mati og það var svo gaman að kynnast honum (ég hafði enga hugmynd um tilvist hans) í upphafi náms míns í kennslufræðinni. Guðmundur var sálfræðingur og heimspekingur og hafði mikinn áhuga á menntun. Hann hélt því meðal annars fram að hver og ein manneskja hefði meðfædda hæfileika til að læra. Mér finnst furðu skrýtið að Guðmundur er ekki stærri stjarna þegar rætt er um menntamál því hann hefur svo sannarlega verið framsækinn framúrstefnukennari líkt og kennarinn minn forðum. Lýðmenntun er bók sem hann sendi frá sér árið 1903 og ég verð að segja að ég var bara þínu hissa þegar ég las þessa bók og mátaði við þann formlega skóla sem ég hef gengið lungu af uppvaxtarárum mínum. Ég spurði mig oft við lesturinn, hvað af hverju var ekki þessi bók kennd í Kennó gamla. Bók hans Lýðmenntun lagði grunn að menntun íslensku þjóðarinnar við upphaf tuttugustu aldar. Hann vildi skýra hugtakið menntun og hvað fælist í því. Sagði m.a. að menntun yrði að efla manneðlið í heild sinni og koma á samræmi milli allra líkams- og sálarafra mannsins (Lýðmenntun 2. útgáfa 1994 bls.32). Hann telur sem sagt að náð samband sé á milli þessara afra og þar með er óhjákvæmilegt að menntun geti falist í einhliða æfingu. Nauðsynlegt er að efla báða þættina. Hann bendir líka á að þeir sem hafi öflugt ímyndunarafl séu sífellt að leita nýrrar þekkingar og skýringa og þar með auka hæfni sína. Það er ímyndunaraflið sem skapar og þannig verða nýjir hlutir til og eða verk. Það er því nauðsynlegt að mínu mati eftir að hafa hugleitt þessi skrif Guðmundar að sköpun í skólastarfi ætti að skipa stærri sess en þegar er og það þarf að þjálfva sköpunargáfu einstaklinganna. Guðmundur leit svo á að þeir einstaklingar sem hefðu sköpun að vopni í ígrundun sinni öðluðust hæfni. Hinir sem ekki tileinkuðu sér skapandi hugsun yrðu eftirbátar þeirra. Þetta væri í raun munurinn á menntuðum og ómenntuðum einstaklingum (Lýðmenntun 1994)

Það sem er áhugavert við þessa skoðun mína á tveimur löngu dauðu körlum og tengingu við mína eigin reynslu af skóla er að ég hafði ekki áttað mig á að það var þessi leiðinlega ítroðsla sem latti mig á minni skólagöngu. Þegar ég skoða þessa tíma sem ég var í hjá áður nefndum kennara sem gaf okkur frelsi til að nálgast viðfangsefnið á okkar hátt með því að velja okkur leið að markmiðinu, þá átta ég mig á hversu mikilvæg sköpunin er í öllu skólastarfi. Það merkilega er að umræðan um nauðsyn þess að nýta sköpunina er ekkert ný af nálinni saman ber þessa tvo löngu

dauðu karla sem bentu á nauðsyn þess að menntun yrði að efla manneðlið í heild sinni og koma á samræmi milli allra líkams- og sálarafra mannsins.

Það þjóðfélag sem við búum við í dag kallar eftir hæfni og getu til að framkvæma nýjar hugmyndir, sífeld þróun og hröð uppbygging samfélagsins eykur þörfina fyrir vel upplýstum og skapandi einstaklingum. Þeir sem ekki hafa fengið að þróa og efla hæfni sína í að skapa verða eftirbátar þeirra sem það gerðu. Því er það niðurstaða mín eftir þessa ígrundun að skapandi skólastarf er nauðsynlegt á öllum tímum alltaf.

Dewey, J.. 2000. Hugsun og menntun. Reykjavík. Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands. Gunnar Ragnarsson þýddi.

Guðmundur Finnbogason. (1903/1994). Lýðmenntun -Hugleiðingar og tillögur.Reykjavík: Rannsóknarstofnun Kennaraháskóla Íslands.